

ÖRYGGISBLAÐ

Útgáfudagur/ útgáfa: 22.12.2015/ 6

Kemur í stað: 26.05.2011/ 5

Útskriftardagur: 22.12.2015

1. VÖRUHEITI OG FRAMLEIÐANDI

Vöruheiti:

Sýrutak

Framleiðandi:

Mjöll-Frigg ehf.

Norðurhella 10
 221 Hafnarfjörður
 Sími: 512 3000
 Fax: 512 3001
 Netfang: mjollfrigg@mjollfrigg.is
 Heimasíða: www.mjollfrigg.is

Slys:

Hafið samband við lækni eða Eitrunarmiðstöð Landspítala-háskólasjúkrahúss í síma 543 2222. Hafið meðferðis merkimiða eða þessar öryggisleiðbeiningar ef leita þarf lækni. **Sími Neyðarlínunnar er 112.**

2. VARÚÐARUPPLÝSINGAR

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar

Flokkun samkvæmt Reglugerð (EB) nr. 1272/2008 [CLP/GHS]:

H314 Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða

2.2 Merkingaratriði

Merking: Hætta

Hættusetningar (CLP): **H314** Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða,

Varnaðarsetningar (CLP): **P280** Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/
 augnhlíf/andlitshlíf, **P301 + P330 + P331** EFTIR INNTÖKU: Skolið munninn. EKKI framkalla uppköst. **P303 + P361 + P353** BERIST EFNIÐ Á HÚÐ (eða í hár): Farið strax úr fötum sem óhreinkast af efninu. Skolið húðina með vatni/Farið í sturtu. **P305 + P351 + P338** BERIST EFNIÐ Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.

3. SAMSETNING / UPPLÝSINGAR UM INNIHALD

Innihald (m.a.):

Efni	CAS-nr.	EINECS-nr.	Varnaðarmerki	H-setn.	Styrkur
Fosfórsýra	7664-38-2	231-633-2	Skin Corr 1B	H314	>30%
Kvaternerkóalkýlamínetoxýlat	61791-10-4	-	Eye Dam 1	H318	5-10%

Varnaðarmerki, hættu- og varnaðarsetningar, sjá lið 15.

4. SKYNDIHLJÁLÞ

Snerting við augu:

Mikilvægt! Skolið strax með miklu vatni í a.m.k. 25 mínútur. Haldið augnalokum sundurglenntum á meðan. Leitið strax lækni. Augnlæknir.

Snerting við húð:	Skolið strax með miklu vatni. Fjarlægjið strax fatnað, skartgripni o.þ.h. sem slest hefur á. Leitið lækni hafi húðin skaðast eða ef erting og/eða roði eru viðvarandi. Einungis lækni má meðhöndla ætingarsár.
Inntaka:	Skolið strax munn og drekkið mikið vatn. Framkallið <u>ekki</u> uppsölu! Hafið strax samband við lækni. Athugið! Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.
Innöndun:	Ferst loft, hiti og hvíld. Skolið nef og munn með vatni. Leitið strax lækni ef mikilla óþæginda verður vart. Athugið! Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.

5. BRUNI/AÐFERÐIR VIÐ AÐ SLÖKKVA ELD

Almennt:	Kælið nálægar birgðir af efninu með vatnsúða sé ekki unnt að fjarlægja þær hættulaust.
Brennanleiki:	Brennur ekki.
Slökkviefni:	Duft, froða, kolsýra, vatnsúði.
Hættuleg niðurbrots-efni við bruna:	Fosfóroxíð getur myndast.
Hlífðarbúnaður við slökkvistörf:	Hlífðargalli og reykköfunarbúnaður.

6. EFNALEKI

Til verndar fólki:	Sjá 8. lið. Athugið einnig að gólf geta orðið hál.
Til verndar umhverfi:	Komið í veg fyrir að mikið magn vörunnar komist í niðurföll eða berist á annan hátt út í sjó eða vötn eða mengi grunnvatn eða jarðveg.
Hreinsun:	
- Lítil leki:	Lokið fyrir lekann og skolið niður með miklu af vatni – varist hálfu.
- Mikill leki:	Þurrkið upp með ísogsefni, t.d. kísilgúr, mold, sagi, sandi eða slíku. Skolið síðan svæðið með miklu vatni – varist hálfu. Hafið samband við slökkvilið og heilbrigðiseftirlitið.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

Meðhöndlun:	Sýnið varúð er unnið er með vöruna og notið viðeigandi hlífðarbúnað (sjá 8. lið). Sé unnið með háþrýsttæki eða kvoðukerfi er mikilvægt að tryggja góða loftræstingu. Haldið fjarri efnunum sem hvarfast geta við vöruna (sjá 10. lið) – sérstaklega klór og hreinsiefnum sem innihalda klór. Tærir mjúka málma (t.d. ál) og steinsteypu.
Geymsla:	Geymist á læstum stað þar sem börn ná ekki til. Geymið vöruna í upprunalegu umbúðunum, lokuðum og fjarri efnunum sem hún getur hvarfast við (sjá 10. lið) – sérstaklega klór og hreinsiefnum sem innihalda klór. Geymist í mesta lagi 18 mánuði frá framleiðsludegi. Æskilegt geymsluhitastig er 5-25°C.

8. EFTIRLIT MEÐ MENGUN / PERSÓNULEGUR HLÍFÐARBÚNAÐUR

Mengunarmörk:	Engin mengunarmörk hafa verið sett fyrir vöruna. Um þau hráefni sem notuð eru í vöruna og getið er í reglugerð 154/1999 um reglur og leiðbeiningar um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum gildir eftirfarandi:
----------------------	------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Efni	CAS-nr.	EINECS-nr.	Meðalgildi	Þakgildi
Fosfórsýra	7664-38-2	231-633-2	1 mg/m ³	2 mg/m ³

Tæknilegar öryggisráðstafanir:	Möguleiki til augn- og húðskolunar með vatni. Góð loftræsting. Vinnu skal ætíð skipuleggja og framkvæma þannig að mengun sé eins lítil og kostur er. Loftræsting þarf að vera góð og þörf getur verið á vélrænni loftræstingu eða staðbundnu sögi.
---------------------------------------	----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Persónuhlífar:	
- Augu:	Hlífðargleraugu eða andlitshlíf.
- Hendur:	Gúmmihanskar.
- Öndunarfæri:	Sé loftræsting ekki góð þegar unnið er með háþrýstidælur eða kvoðukerfi ber að nota gassgrímu með samsettum gassíum; A og P.
- Annað:	Klæðist hlífðarfatnaði – sérstaklega þegar unnið er með háþrýstidælur eða kvoðukerfi.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

Útlit:	Tær, gulleitur vökvi.		
Lykt:	-		
pH:	~0,5.		
pH, þynnt lausn:	Óþekkt.	Styrkur [%]:	-
Suðumark [°C]:	>100.	Þrýstingur [kPa]:	101,33.
Bræðslumark [°C]:	<0.		
Logamark [°C]:	Ekkert.		
Íkveikjumark [°C]:	Ekkert.		
Hætta á sjálfíkveikju:	Engin.		
Eldnærandi eiginleikar:	Engir.		
Gufuþrýstingur [kPa]:	Óþekktur.	Hitastig [°C]:	-
Eðlisþyngd [kg/m ³]:	1157 ± 8.	Hitastig [°C]:	20.
Leysanleiki í vatni:	Algerlega leysanlegt.		
Leysanleiki í öðrum leysiefnum:	Óþekktur.		
Seigja [mPa-s]:	Óþekkt.	Hitastig [°C]:	-

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

Stöðugleiki:	Varan er stöðug við tilætlaða notkun.
Hættuleg niðurbrots-efni:	Klörgas myndast komist varan í samband við efni sem innihalda klór. Sé óþynnt vara lengi í snertingu við ál eða jafnvel tin eða sink getur vetnismyndun átt sér stað (tæring).

11. EITURFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Almennt:	Eftirfarandi upplýsingar byggja á upplýsingum frá framleiðanda innihaldsefna vörunnar.
Snerting við húð:	Ætandi. Veldur roða og óþægindum við langvarandi snertingu.
Augu:	Ætandi, Getur skaðað hornhimnu.
Inntaka:	Ætandi. Getur valdið skemmdum á slímhúð í munn og hálsi. Hætta á nýrnarskemmdum.
Heilsuhætta:	Inntaka
<i>Efni</i>	<i>LD50_{rotta} mg/kg</i>
Fosfórsýra	1530

12. HÆTTUR GAGNVART UMHVERFINU

Almennt:	Engin þeirra hráefna sem notuð eru í vöruna flokkast sem hættuleg umhverfinu.
Lífniðurbrot:	Niðurstöður rannsókna á hráefnunum sem notuð eru í vöruna sýna að þau brotna niður í náttúrunni.
Eituráhrif í vatni:	Óþynnt vara er hættuleg vatnalífverum vegna lágs sýrustigs, en þynnt hlutleysist hún fljótt. Fosfórsýra hefur hvetjandi áhrif á vöxt þörungna.
Þrávirkni:	Afar ólíklegt er að einhver hráefnanna sem notuð eru í vöruna safnist fyrir í fæðukeðjunni þar sem að þau eru öll niðurbrotanleg og auk þess vatnsleysanleg.

13. FÖRGUN

Ekki má urða vöruna. Sé um lítið magn að ræða á að blanda vörunni varlega saman við mikið vatn og meðhöndlið eins og um lítinn efnaleka sé að ræða (sjá 6. lið). Hafið samband við framleiðanda eða spilliefnamóttöku ef um mikið magn er að ræða. Tómar umbúðir skal skola a.m.k. tvisvar sinnum með vatni áður en þær eru endurnýttar, endurunnar eða fargað. Gallaða vöru á að senda til framleiðanda. Að öðru leit er vísað í reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

14. FLUTNINGUR

ADR (flutningar á vegum)

SP-númer: 1805
 Innihaldslýsing: FOSFÓRSÝRA
 Flokkur: 8
 Þökkunarflokkur: III
 Hættunúmer: 80

IMDG (flutningar á sjó)

UN-number: 1805
 Proper ship name: PHOSPHORIC ACID
 Class: 8
 Packing group: III
 MFAG table no.: 700
 EmS no.: 8-08

DGR (flutningar í lofti)

UN-number: 1805
 Proper ship name: PHOSPHORIC ACID
 Packing group: III

15. UPPLÝSINGAR UM LÖG, REGLUGERÐIR EÐA REGLUR

Unnið samkvæmt reglugerð 1027/2005 um öryggisblöð, reglugerð 154/1999 um reglur og leiðbeiningar um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum ásamt síðari breytingum og reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs. Merkingar eru í samræmi við reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eitrefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni ásamt síðari breytingum.

Merking:**H-setningar:**

34 Ætandi.

V-setningar:

- 1/2 Geymist á læstum stað þar sem börn ná ekki til.
 26 Berist efnið í augu skal strax skola vandlega með miklu vatni og leita læknis.
 28 Berist efnið á húð, skal strax þvo með miklu vatni.
 37/39 Notið viðeigandi hlífðarhanska og hlífðargleraugu/andlitsgrímu.
 45 Leitið umsvifalaust læknis ef slys ber að höndum eða ef lasleika verður vart; sýnið umbúðamerkingarnar ef unnt er.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Vottanir/samþykktir: Varan er vottuð af Umhverfisstofnun til notkunar í matvælaíðnaði (97-182).
 Útgáfudagur: 22.12.2015
 Útgáfa: 5.
 Kemur í stað: 26.05.2011
 Höfundur: Ásgeir Ívarsson.
 Endurskoðað: Richard Kristinsson

Þessar öryggisleiðbeiningar eru samdar með það í huga að koma á framfæri heilsu-, öryggis- og umhverfisupplýsingum er lúta að meðhöndlun og notkun vörunnar.

Þær upplýsingar sem fram koma eru byggðar á gögnum sem framleiðandi telur áreiðanleg. Sum þessara gagna eru látin í té af hráefnaframleiðendum og því getur framleiðandi ekki ábyrgst að þau séu í alla staði rétt.

Framleiðandi getur ekki stjórnað eða haft vitneskju um aðstæður og aðferðir við meðhöndlun, geymslu, notkun eða förgun vörunnar eftir að hún hefur verið seld kaupanda. Af þessum ástæðum tekur framleiðandi ekki ábyrgð á slysum eða öðru tjóni sem rekja má til eða er á einhvern annan hátt tengt meðhöndlun, geymslu eða notkun vörunnar.

Þessar öryggisleiðbeiningar voru einungis samdar fyrir þessa tilteknu vöru og því á einungis að nota þær í því sambandi. Sé varan blönduð öðrum efnum eða hún notuð sem hluti af annarri vöru er mögulegt að þessar öryggisleiðbeiningar séu ekki lengur viðeigandi.